

Nd.
um Fiskiðju ríkisins.

163. Frumvarp til laga

[133. mál]

Flm.: Jónas Árnason.

1. gr.

Ríkið starfrækir verksmiðjur til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávar-
afurða, og nefnast þær Fiskiðja ríkisins.

2. gr.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fulvinnslu matvæla úr sild og öðrum fisktegundum. Fiskiðja ríkisins hefur samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðlar reyngu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að sett verði á fót sérstök rannsóknardeild, er hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Fiskiðja ríkisins gerir ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.

3. gr.

Niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skal rekin samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 6 milljónir króna í fimm ár, samtals 30 milljónir króna, til að fullgera niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði og til að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarréttu úr fisktegundum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lán í sama tilgangi að upphæð allt að 200 milljónum króna.

Við staðsetningu nýrra verksmiðja skal Fiskiðja ríkisins einkum miða við, að þeir staðir sitji í fyrirrúmi, sem um langa hríð hafa búið við ótryggt atvinnuástand.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram 8 milljónir króna í fimm ár, samtals 40 milljónir króna, til tilraunastarfsemi og markaðsöflunar fyrir fullunna sildarrétti og aðra fiskrétti og til að tryggja rekstur Fiskiðju ríkisins.

6. gr.

Stjórn Fiskiðju ríkisins er skipuð 7 mönnum og 7 til vara, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kys sér sjálf formann. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og lög nr. 52 25. maí 1949, um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur, án árangurs, þrisvar áður verið flutt, síðast 1968, og þá lét flutningsmaður þess, Ragnar Arnalds, fylgja því svo hljóðandi greinargerð:

Niðursuðuiðnaður hefur löngum verið olnbogabarn í íslensku atvinnulífi. Á hverju ári hafa Íslendingar mokað gífurlegum aflaverðmætum á land, en minna hirt um að fullvinna afurðirnar sjálfir. Fiskvinnslustöðvar víða um heim hafa fengið ódýrt úrvalshráefni frá Íslandi og hagnast drjúgum á því að margfalda hráefnisverðið með fullvinnslu. Meðan 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða er niðursoðinn eða niðurlagður fiskur, er hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins rúmlega 1%.

Það er meginefni þessa frv., að þegar í stað verði hafin skipuleg uppbygging þessarar atvinnugreinar og markvissar ráðstafnir gerðar til að leggja grundvöll að stóriðju í matvælaíðnaði. Eftir að þessi iðngrein hefur nánast hjakkað í sama farinu um áratugi, er nú löngu orðið ljóst, að ríkisvaldið verður að taka að sér forustuna með markvissu skipulagsstarfi og útvegum nægilegs fjármagns, ef því sjálfsagða takmarki á að ná, að þessi iðnaður verði einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.

1. Sérstök þingkjörin stjórn.

Í frumvarpinu er lagt til, að komið verði á fót sérstakri stofnun, er beri heitið Fiskiðja ríkisins, og starfi hún undir þingkjörinni stjórn. Jafnframt taki fiskiðjan við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði. Hingað til hefur stjórn Sildarverksmiðja ríkisins haft umsjón með rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar. Er það löngu viðurkennt af flestum, að nauðsynlegt er að skipa sérstaka stjórn fyrir verksmiðjuna og ákveða henni verulegt stofnframlag af ríkisfé. Stjórn S. R. hefur hvað eftir annað farið fram á það við ráðherra, að þetta verði gert, en af því hefur ekki orðið.

2. Bygging nýrra verksmiðja.

Með frumvarpinu er Fiskiðju ríkisins falið að reisa nokkrar nýjar verksmiðjur til fullvinnslu sjávarafurða, eftir því sem markaður kann að leyfa. Við staðsetningu þeirra ber fyrst og fremst að hafa það í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg.

3. Markaðsöflun.

Langmikilvægasta tillagan, sem fólgin er í þessu frumvarpi, er sú, að ríkisvaldið aðstoði framleiðendur við markaðsöflun. Ef þessi iðngrein á að geta tekið stórt stökk fram á við, er óhjákvæmilegt, að skipulögð verði sérstök sölusamtök framleiðenda og jafnframt reynt að brjóta inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki. Stórfelld söluherferð hefur aldrei verið framkvæmd, enda hefur enginn einn framleiðandi það fjármagn, sem til þess þarf. Ríkisvaldið verður að skilja og viðurkenna forustuhlutverk sitt í atvinnuuppbyggingu landsins og leggja fram nægilegt fjármagn, svo að þetta brautryðjendastarf verði unnið.

4. Vísinda- og fræðslustarfsemi.

Ef fullvinnsla sjávarafurða á að geta orðið traustur atvinnuvegur á Íslandi í framtíðinni, er ekki nóg að reisa verksmiðjur og afla markaða. Það er eins í þessum iðnaði og flestum öðrum atvinnugreinum, að ein helzta undirstaðan er tilrauna- og vísindarannsóknir og viðtæk fræðslustarfsemi. Einnig á þessu sviði er eðlilegt, að Fiskiðja ríkisins hafi forustu með fjárstuðningi hins opinbera.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að fiskiðjan hafi samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins um tilraunastarfsemi við hvers konar fullvinnslu sjávarafurða og miðli reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Jafnframt ber fiskiðjunni að gera ráðstafanir til þess, að áhugamenn séu sendir utan til að sérmennta sig í niðursuðutækni. Að sjálfsögðu mun fyrir eða síðar koma að því, að stofnað verði til fastrar kennslu hér á landi í þessari iðngrein, líkt og verið hefur um langt árabil í Noregi, en fyrst um sinn ber einkum að leggja á það áherzlu, að efnt sé við og við til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.